

**Nd.**

**1073. Breytingartillögur**

[457. mál]

við frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvG).

1. 3. gr. orðist svo:

Alþingi kýs þrjá menn í stjórn sjóðsins, og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn. Forsætisráðherra skipar formann sjóðsstjórnarinnar.

2. 6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann til að annast daglega stjórn Framkvæmdasjóðs. Forstöðumaðurinn er ráðinn til 6 ára í senn. Forstöðumaður ræður sjóðnum annað starfsfólk í samræmi við ákvörðun stjórnarinnar.